

REGLUGERÐ

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Sandgerði í Miðneshreppi, nr. 64 21. apríl 1948, sbr. reglugerðir nr. 121 27. september 1954 og nr. 194 16. nóvember 1960.

1. gr.

34. grein reglugerðarinnar orðist þannig:

Vörugjaldið skal reikna eftir máli eða þyngd með umbúðum, af hverri sendingu sérstaklega; brot úr gjaldeiningu telst heil gjaldeining. Fara skal eftir farmskrá skips við útreikning vörugjalds, og eru skipstjóri eða afgreiðslumaður skips skyldir til að láta hafnarnefnd í té afrit af farmskrá skipsins.

Starfræki höfnin vogar- eða mælitæki, skal allt vörumagn, sem um höfnina fer og vörugjald ber að greiða af og ekki er á farmskrá, vegið eða mælt á þeim, enda fullnægi tækin þeim lagaákvæðum, sem í gildi eru hverju sinni um mál og vog. Ef ýmsar vörur eru í sendingu, skal reikna vörugjald eftir þeirri tegund, sem hæst gjald skal greiða af.

Fyrir vigtun á vog hafnarinnar skal eigandi vörunnar greiða í hafnarsjóð vigtargjald, sem nemur 60 aorum af hverjum 100 kg. Hafnarnefnd getur þó, án þess að leyfi ráðherra komi til, breytt upphæð vigtargjaldsins um allt að 25%, til lækkunar eða hækkunar, en auglýsa skal breytinguna í Lögbirtingablaði, með minnst mánaðar fyrirvara.

Gjald fyrir mælingu, ef fram fer, skal ákveða mað samkomulagi, þar til annað verður ákveðið.

2. gr.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um hafnargerðir og lendingarbætur, nr. 29 23. apríl 1946, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 11. marz 1963.

Emil Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

REGLUGERÐ

um barnavernd í Mosfellshreppi.

1. gr.

Unglingum yngri en 16 ára er óheimill aðgangur að almennum dansleikjum auglýstum opinberlega. Aðra dansleiki er börnum yngri en 14 ára óheimilt að sækja, nema í fylgd forráðamanna sinna.

2. gr.

Börn yngri en 14 ára mega ekki vera á almannaferi eftir kl. 21 frá 1. okt. til 1. apríl og eftir kl. 23 aðra mánuði ársins, nema í fylgd með fullorðnum.

3. gr.

Um brot á reglugerð þessari og viðurlög við þeim skal fara samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga.